

Framtíðin er ljós

- Sterk fjárhagsstaða og styrkar stoðir til framtíðar

Ársreikningur Landsnets 2023 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 15. febrúar 2024.

Helstu atriði ársreikningsins:

- Hagnaður nam 25,6 milljónum USD (3.482,2 millj.kr.)¹ á árinu 2023 samanborið við 32,5 milljónir USD (4.426,6 millj.kr.) hagnað á fyrra ári.
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 52,7 milljónum USD (7.175,7 millj.kr.) samanborið við 55,1 milljónir USD (7.505,2 millj.kr.) á fyrra ári.
- Handbært fé í lok árs nam 54,3 milljónum USD og handbært fé frá rekstri nam 72,5 milljónum USD.
- Heildareignir námu 1.113,6 milljónum USD í árslok samanborið við 1.032,4 milljónir USD í lok fyrra árs.
- Eigið fé nam 507,5 milljónum USD í árslok og eiginfjárhlutfall 45,6%.
- Arðsemi eigin fjár, á árgrundvelli, var 5,2% á árinu 2023.

Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets segir niðurstöður ársreikningsins sýna að vel hafi tekist til í umhverfi þar sem óvæntar bilanir og náttúruöflin spiluðu stórt hlutverk.

„Það ánægjulegt að ársreikningur sem samþykktur var í dag sýnir að fjárhagsleg staða okkar hjá Landsneti er góð þrátt fyrir miklar áskoranir.

Eldgos og jarðhræringar á Reykjanesi settu mark sitt á árið en við lögðum allt kapp á að verja okkar innviði á svæðinu við Svartsengi sem sönnuðu gildi sitt nú í febrúar. Landsnet er stolt af því að vera virkur þátttakandi í því að verja innviði á Reykjanesi. Það hafa ekki orðið skemmdir á flutningskerfinu í jarðhræringunum en áfram er unnið við varnir innviða við Svartsengi í ljósi stöðunnar þar. Við aðstæður eins og þessar kemur mikilvægi þess að hafa öruggt aðgengi að rafmagni vel í ljós.

Viðgerðin á Vestmannaeyjastreng reyndi mikið á reksturinn, bæði tækni- og fjárhagslega en þar voru mál leyst með útsjónarsemi á mjög hagkvæman hátt.

Síðasta ár var mikið framkvæmdaár þrátt fyrir að fjárfestingar ársins séu undir áætlun en ástæðan fyrst og fremst tafir við upphaf framkvæmda Suðurnesjalínu 2.

Jafnframt var unnið af krafti að bættu orkuöryggi til framtíðar með auknu gagnsæi og nútímalegri viðskiptaháttum. Í því samhengi gáfum við út fyrstu orkuspá Landsnets sem setti mikinn svip á umræðu um orkumálin á árinu og tókum í notkun nýtt reiknilíkan til að meta framboðsöryggi næstu ára.

Við stöndum á sterkum grunni og erum vel í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í til að tryggja orkuskiptin, en stöðugt rekstrarumhverfi, gagnsætt og virkt viðskiptaumhverfi ásamt styrkingu flutningskerfisins eru þar efst á blaði hjá okkur.”

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala):

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	2023	2022	2021	2020
Rekstrarreikningur				
Rekstrartekjur	169.251	162.755	149.750	130.470
Rekstrargjöld	(116.566)	(107.651)	(90.755)	(83.893)
Rekstrarhagnaður	52.685	55.104	58.995	46.577
Hrein fjármagnsgjöld	(20.522)	(14.845)	(14.762)	(12.555)
Áhrif hlutteilдарfélags	(160)	297	192	137
Hagnaður fyrir tekjuskatt	32.003	40.556	44.425	34.159
Tekjuskattur	(6.436)	(8.055)	(8.850)	(6.831)
Hagnaður	25.567	32.501	35.575	27.328

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
Efnahagsreikningur				
Fastafjármunir	1.027.814	972.882	963.536	858.575
Veltufjármunir	85.760	59.468	56.640	52.863
Eignir samtals	1.113.574	1.032.350	1.020.176	911.438
Eigið fé	507.500	482.281	470.557	404.848
Langtímaskuldir	542.538	496.300	478.002	439.828
Skammtímaskuldir	63.536	53.769	71.617	66.762
Eigið fé og skuldir samtals	1.113.574	1.032.350	1.020.176	911.438

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	2023	2022	2021	2020
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	72.505	72.962	64.443	53.924
Fjárfestingahreyfingar	(63.576)	(45.052)	(89.588)	(87.096)
Fjármögnunarhreyfingar	17.741	(26.534)	25.008	28.697
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	1.329	(275)	(405)	(732)
Handbært fé í ársbyrjun	26.325	25.224	25.766	30.973
Handbært fé í árslok	54.324	26.325	25.224	25.766

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	2023	2022	2021	2020
Helstu kennitölur				
EBITDA	92.300	91.024	89.733	76.928
	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
Eiginfjárhlutfall	45,6%	46,7%	46,1%	44,4%

^[1] Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 136,2

Rekstrarreikningur

- Rekstrartekjur námu 169,3 milljónum USD árið 2023 samanborið við 162,8 milljónum USD á fyrra ári. Félagið hefur fjögur megin tekjustreymi; flutning til stórnotenda, flutning til dreifiveitna, innmötun og sölu á flutningstöpum og kerfisþjónustu.
- Rekstrargjöld hækka um 8,9 milljónir USD á milli ára. Afskriftir hækkuðu um 3,7 milljónir USD, launakostnaður hækkaði um 3,0 milljónir USD og annar rekstrarkostnaður 2,2 milljónir USD.
- Áhrif gengisbreytinga kemur fram í ákveðnum liðum í íslenskum krónum innan tekna og gjalda, en í heild hefur styrkingin óveruleg áhrif á rekstrarhagnað fyrir fjármagnsliði.
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 52,7 milljónum USD samanborið við 55,1 milljónir USD árið áður og lækkar um 2,4 milljónir USD á milli ára.
- Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 20,5 milljónum USD en voru 14,8 milljónir USD á fyrra ári. Hrein fjármagnsgjöld hækka um 5,7 milljónir USD á milli ára.
- Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 25,6 milljónum USD á árinu 2023. Hagnaður ársins 2022 nam 32,5 milljónum USD.
- EBITDA félagsins var 92,3 milljónir USD á árinu í samanburði við 91,0 milljónir USD á fyrra ári.

Efnahagsreikningur og sjóðstreymi

- Heildareignir félagsins í árslok námu 1.113,6 milljónum USD samanborið við 1.032,4 milljónir USD í lok fyrra árs.
- Handbært fé í lok árs nam 54,3 milljónum USD og handbært fé frá rekstri nam 72,5 milljónum USD.
- Heildarskuldir námu í árslok 606,1 milljónum USD samanborið við 550,1 milljónir USD í lok fyrra árs.
- Eiginfjárhlutfall í árslok var 45,6% samanborið við 46,7% í lok fyrra árs.

Horfur í rekstri

Áætlanir félagsins fyrir árið 2024 gera ráð fyrir 33,2 milljónum USD hagnaði af rekstri félagsins. Í tekjuáætlun er byggt á þeim magn- og verðbreytingum sem félagið hafði vitneskju um við gerð áætlunarinnar. Kostnaðaráætlun er byggð á raunkostnaði við rekstur félagsins að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem ákvörðun tekjumarká felur í sér. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að framkvæmdir nemi a.m.k. 101,7 milljónum USD á árinu. Fjármögnun verkefna er í undirbúningi og telur félagið sig hafa gott aðgengi að lánamörkuðum.

Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsnets hf. fyrir árið 2023 er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Uppgjör Landsnets er í Bandaríkjadöllum (USD) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Ársreikningurinn var samþykktur á fundi stjórnar 15. febrúar 2024.

Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.

Nánari upplýsingar gefur Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála og árangurs, netfang gudlaugs@landsnet.is, sími 563-9300. Nánar á www.landsnet.is þar sem hægt er að nálgast ársreikninginn.

^[1] Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 136,2